

Reykjavík 7. 12. 2022

Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024.

*Umsögn þessi varðar þann lið er snýr að fyrirhugaðri breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Nr. 96/1995*

Hálogi distillery Reykjavík fagnar breytingatillögunni, en við bendum á að í texta tillögunnar eins og hún er nú, er einungis gert ráð fyrir að ákvæði hennar eigi við framleiðendur sem framleiða öl og vörur sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk á sinni starfsstöð (vörur skv 1. tölul. 1. mgr. 3.gr.) . Ekki virðist gert ráð fyrir að breytingin nái til smáframleiðenda annara áfengra drykkja en öls/blöndu með öli. Mikilvægt er að breytingatillagan verði lagfærð þannig að allir innlendir smáframleiðendur áfengis geti nýtt sé ákvæði laganna og að framleiðendum sé ekki mismunað eftir tegundum áfengis þeir framleiða.

Virðingarfyllt,

Rán Jónsdóttir

Hálogi Distillery Reykjavík

<https://spiritsoficeland.is/>